



Breytingartillögur lagðar fyrir Formannafund AKÍ 2014

Keppnisráð í spyrnu

leggur fyrir formannafund eftirfarandi reglubreytingar fyrir keppnisárið 2015

1. Spyrnureglur:

Grein 4.1 verði : Lágmarksfjöldi í flokk er 2.

Sjá rökstuðning í spjallþræði - <http://spjall.ba.is/index.php?topic=7211.15>

Þess í stað mætti svo falla frá reglu um að aðeins þurfi 2 af 3 keppnum að telja lágmarksfjölda svo flokkurinn gildi til Íslandsmeistara.

Felld

2. Spyrnureglur:

Grein 12.2 Met verði:

Tæki sem setur nýtt met skal fært til flokkaskoðunar og standast hana athugasemdalaust svo metið teljist gilt.

Samþykkt

3. Spyrnureglur:

Grein 12.13 um uppreikning meta falli út.

Samþykkt

4. Spyrnureglur:

Fylgiskjal 1 - 1/8 míla:

Flokkur 8cyl eldri detti út, og í staðinn komi 8cyl standard flokkur svo hljóðandi:

8cyl Standard (S)

1. Bílar með hámark 8 strokka vél og drif á einum ás.
2. Allir aflaukar (poweradder) bannaðir. Þ.e. blásarar, túrbínur, nítró o.þ.h.
3. Aðeins true radial dekk leifð. Slikkar bannaðir, bæði diagonal og drag radial.

Samþykkt

5. Spyrnureglur:



Fylgiskjal 3 - sandspyrna

Regla 8 í fólksbílaflokki breytist: Orðið "óskornir" falli út.

8. Hjólbarðar skulu vera DOT merktir, *éskornir* og hámark 33"

Vísað til spyrnuráðs, sem kemur með betri skilgreiningu fyrir fyrsta des 2014 og stjórn AKÍS tekur fyrir á stjórnarfundum í des.

6. 2 Tillögur að breytingum á verðskrá AKÍS

1. Ársskírteini - 5000.-

Nýliðaskírteini - Frítt - Virkar að öðru leiti eins og ársskírteini.

Engin önnur skírteini í boði.

2. Keppnisskírteini kosti bara 1000 kr per keppanda á hverri keppni eins og hjá MSÍ.

Rökstuðningurinn er að það er öllum ljóst að núverandi form er að draga úr þáttöku hjá okkur og engin ástæða eða réttlæting til fyrir því að hafa þetta dýrara.

Kosnaðurinn af rekstri sambandsins á ekki að falla á keppendur.

Stjórn AKÍS reikni út hvernig hvaða leið kemur út í innkomu, með hliðsjón af fjölgun keppenda og einföldun vinnu við keppnisskírteini

Keppnisráð í rally

leggur fyrir formannafund eftirfarandi reglubreytingar fyrir keppnisárið 2015

7. Keppnisreglur AKÍS:

19. grein

Frestun og framhald móts ber að auglýsa strax sem og tilkynna til AKÍS.

Viljum fá betri skýringu á þessari línu ?

Vísað til umræðu um tillögu númer 15.

8. Reglugerð um keppnisráð:

1. grein.

Keppnisráð fyrir hverja keppnisgrein skulu kosin á ársþingi sambandsins.

Verði

Keppnishaldarar í hverri keppnisgrein tilnefna einn aðila í keppnisráð þeirrar greina sem skulu samþykktir á ársþingi sambandsins.



Eða

Allir keppnishaldarar sem halda keppni í viðkomandi grein eiga rétt á fulltrúa í keppnisráði

Samþykkt sem viðbót

9. Keppnisreglur Akís

4.grein

Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.

Breytist í

Keppandi og þjónustulið hans skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.

Samþykkt

10. Keppnisreglur Akís

7. grein.

Nafn, kennitala, sími og tölvupóstur helstu stjórnenda keppinnar að lágmarki keppnisstjóri, öryggisfulltrúi og skoðunarmaður.

Verði

Nafn, kennitala, sími og tölvupóstur helstu stjórnenda keppinnar að lágmarki keppnisstjóri, öryggisfulltrúi, dómnefndarmenn og skoðunarmaður.

Samþykkt

11. Keppnisreglur Akís

Athugasemd frá aðildarfélagi

Flytjandi: Akstursíþróttafélag Suðurnesja

Lagt fyrir: Formannafund

Tillaga:

Breyting verði gerð á starfsháttum sambandsins:

Í keppnisreglum AKÍS samþykktum vorið 2014 stendur :



3. grein

Keppendur

Ökumaður sem skráður er í akstursíþróttafélag innan vébanda AKÍS hefur rétt til þátttöku í aksturskeppnum. Ökumaður skal framvísa gildu félagsskírteini á keppnisstað ásamt keppnisskírteini frá Akstursíþróttasambandi Íslands / AKÍS.

Akstursíþróttafélag Suðurnesja óskar eftir því að formannafundur AKÍS 2014 samþykki að **einungis þeir sem sýna gilt félagsskírteini aðildarfélags fái afhent keppnisskírteini og að það sé plastað í ökuskírteinisstærð.**

Greinargerð:

Þessir hlutir eiga bara að vera á hreinu til þess að keppa þarftu keppnisskírteini AKÍS og til þess að fá keppnisskírteini AKÍS þarftu að sýna fram á að þú hafir greitt fyrir félagsskírteini í einhverju af aðildarfélögum AKÍS.

Vísað til stjórnar, ákvarðast með því hvað verður ákveðið með verðskrá.

12. Lög Akís

Athugasemd frá aðildarfélagi

Flytjandi: Akstursíþróttafélag Suðurnesja

Lagt fyrir: Formannafund/ til vinnslu fyrir ársþing 2015

Tillaga:

Breyting verði gerð á lögum sambandsins:

6. grein

Ársþing AKÍS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið fyrir 1. apríl ár hvert. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum, héraðssamböndum og félögum sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir tölu útgefinna keppnisskírteina síðasta heila keppnistímabils sem hér segir:

0 til og með 25: Einn fulltrúi

26 til og með 50: Tveir fulltrúar

51 til og með 100: Þrír fulltrúar

101 og fleiri: Fjórir fulltrúar

verði:



6. grein

Ársþing AKÍS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið fyrir 1. apríl ár hvert. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum, héraðssamböndum og félögum sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir tölu útgefna keppnisskírteina síðasta heila keppnistímabils sem hér segir:

- 1 til og með 25: Einn fulltrúi
- 26 til og með 50: Tveir fulltrúar
- 51 til og með 100: Þrír fulltrúar
- 101 og fleiri: Fjórir fulltrúar

Greinargerð:

Okkur hjá AIFS finnst ekki eiga að vera mögulegt að stofna akstursíþróttafélag með enga keppendur, og engar keppnir en eiga samt einn fulltrúa, sama magn og félag með 25 keppendur og jafnvel 2-3 keppnir á dagatali, þess vegna leggjum við til að í það minnsta sé einn keppandi til þess að fá fulltrúa skráðan hjá AKÍS

Formannafundur vísar til ársþings 2015

Hugmyndir að breytingum á keppnisreglum frá stjórn AKÍS

Breytingar og viðbætur feitletraðar

13. Keppnisreglur Akís

3. grein

Keppendur

Ökumaður sem skráður er í akstursíþróttafélag innan vébanda AKÍS hefur rétt til þátttöku í aksturskeppnum. Ökumaður skal framvísa gildu félagsskírteini á keppnisstað ásamt keppnisskírteini frá Akstursíþróttasambandi Íslands / AKÍS.

Hlutgengi keppenda er háð aðild að félagi innan ÍSÍ og að félagið standi í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við gr. 8.1 í lögum sambandsins.

Þar sem annað er ekki tekið fram skal lágmarksfjöldi í hverjum keppnisflokki vera 3 til að keppni telja til Íslandsmeistarastiga.

Viðbót : **Og að minnst 3 keppnir séu haldnar hvert ár í sama keppnisflokki til að það teljist íslandsmót.**

Samþykkt



14. Keppnisreglur Akís

13. grein

skoðunarmaður

Innan viku frá lokum keppni skal skoðunarmaður senda lista yfir athugasemdir **niðurstöður keppnis**skoðunar á asisport@isisport.is

#Samþykkt

15. Keppnisreglur Akís

19. grein

Frestun og Framhald keppni

Framhaldskeppni: Ef keppni er hafin og ekki er hægt að halda áfram vegna utanaðkomandi ástæðna eins og t.d. veðurs eða birtu er hægt að halda sérstaka framhaldskeppni áfram innan 10 daga.

Nýja dagsetningu framhaldskeppni þarf að tilkynna AKÍS og keppendur eru eingöngu þeir sömu og hófu keppni.

Frestun keppni: Verði af einhverjum ástæðum að fresta keppni sem komin er umsögn fyrir eiga þegar skráðir keppendur rétt á því að keppa í hinni frestuðu keppni án sérstaks endurgjalds. Þá er keppishöldurum heimilt að opna fyrir skráningu að nýju, enda sé það sérstaklega auglýst.

Frestun eða framhald móts ber keppnishaldara að tilkynna til AKÍS

Samþykkt

16. Reglugerð keppnisráða

vegna breyting á reglugerð keppnisráða

4. Keppnisráð skal almennt leggja breytingar á reglum á vegum þess fram til stjórnar AKÍS ~~tímanlega~~ **3 vikum** fyrir formannafund, þar sem þær eru lagðar fram til samþykktar eða synjunar. Séu þær samþykktar skulu þær birtar á vef AKÍS fyrir 1. desember sama ár og þær voru samþykktar.

Þegar um brýna nauðsyn er að ræða getur stjórn samþykkt breytingar á keppnisreglum.

Samþykkt

17. Keppnisreglur Akís



Viðbót við grein 16.

Telji keppnisstjórn að loka þurfi viðgerðarsvæði fyrir óviðkomandi, er heimilt gera t.d með skráningu á aðstoðarmönnum keppenda.

Samþykkt

18. Keppnisreglur Akís

Breyting á grein 18.

Viðbót við 3 málsgrein, fyrir aftan setninguna: Kærugjald er samkvæmt verðskrá AKÍS komi „**nema annað sé tekið fram í reglum keppinnar**“

Fellt

19. Verðskrá AKÍS

Stjórn AKÍS leggur til að gerð verði gagnger breyting á verðskrá AKÍS varðandi brautarúttektargjöld, en mismunun virðist vera á því hverjir greiða slík gjöld, lagt er til að formannafundur samþykki breytingu sem allir eru samþykkir og verði sú breytingatillaga lögð fyrir ársþing AKÍS í vor.

Leggja til að Ársþing geri breytingu á verðskrá og felli þetta niður

Hugmyndir að breytingum frá BÍKR

20. Keppnisreglur Akís

Keppnisskírteini. Klúbbar skulu senda AKÍS nafn og kennitölu skráðra félaga sem hyggjast keppa. keppnisskírteini verði ekki gefið út á prenti, skoðunarmenn skulu skoða vef AKÍS og sannreyna hvort keppendur eru skráðir með keppnisskírteini.

Afgreiðist með lið 11.

21. Keppnisreglur Akís

Sérreglur keppna, ætti AKÍS að gefa út sérreglur keppna í Íslandsmótinu? Ætti keppnisráð e.t.v. að vera meira með puttana í þessu?

Sérreglur skulu samþykktar af keppnisráði hvernar greinar

22. Rallyreglur



2015 skulu keppendur í GrN og GrX nota HANS búnað, aðrir flokkar skulu nota HANS búnað 2017.

#Samþykkt með einu mótaskvæði

23. Reglugerð Keppnisráða

Endurskoða þarf 5. grein reglna um keppnisráð. Keppnisráð getur ekki komið reglum á vef AKÍS með beinum hætti.

5 . grein felld úr reglugerð keppnisráða

24. Reglugerð keppnisráða

Keppnisráð í ralli hefur lagt fyrir framkvæmdastjóra AKÍS að laga útlit keppnisreglur í ralli. Efnislega eru reglurnar tilbúnar að því marki að eftir er að breyta tívísunum, t.d. (s.b.r 4.2) gæti breyst í (s.b.r 4.1). Einnig eiga teikningar af veltibúrum eftir að koma inn. Eina efnislega breytingin sem á eftir að koma inn er texti úr útgefnum reglum frá árinu 1997, texti sem kemur orðrétt inn. Ekki hefur auðnast að klára þetta, keppnisráði til mikillar gremju. Sakir vinnu og keppnishalds hefur keppnisráði ekki tekist að gera þetta sjálfir en leggur fyrir formannafund að veita keppnisráði í ralli frest til aðalfundar til að klára þessa vinnu svo árið 2015 verði keppt eftir útgefnum reglum.

Samþykkt

25. Reglugerð keppnisráða

Stjórn AKÍS leggur til að stofnuð verði sérstök Aganefnd AKÍS á ársþingi 2015.

Lagt er til að formannafundur útnefni minnst 4 aðila til þess að manna vinnuhóp sem myndi hanna starfsreglur fyrir þessa nefnd til samþykktar á ársþingi.

Stjórn leggur til eftirfarandi aðila í vinnuhópinn: Gunnar Bjarnason, Helga K Stefánsdóttir, Ragnar Róbertsson og Tryggvi Þórðarson

Samþykkt

26. Rallykross reglur

Flytjandi: Keppnisráð Rallycross

Lagt fyrir: Formannafund

1. Breyting á reglum í unglingsflokki.
2. Breyting á reglum í 4WD Krónu flokki.
3. Nýr flokkur.



Unglingaflokkur:

Breytist úr:

Unglingaflokkur:

0 – 1400ccm, bifreiðar með drif á einum öxli.

Breytist í:

Unglingaflokkur:

0 – **1600**ccm, bifreiðar með drif á einum öxli.

Og í sama flokki breytist úr:

30. Breyting á staðsetning vélar er bönnuð, hámarksstærð vélar er 1400cc og 90 hestöfl.

Breytist í :

30. Breyting á staðsetning vélar er bönnuð, hámarksstærð vélar er **1600**cc og 90 hestöfl.

Breyting á reglum í 4WD Krónuflokki.

Breytist úr:

30. Nitro innspítingar og forþjöppur eru bannaðar.

Breytist í:

30. Nitro innspítingar eða aðrir aflagjafar margfalda 1.3 við rúmcentimetra véla. Dæmi:
1600ccm x 1.3 = 2080ccm.

27. Rallykross reglur

Nýr flokkur:

Standard flokkur:

0 – 2000cc, 120 hestöfl á vél, bifreiðar með drif á einum öxli.

1. Standard flokkur skal viðhalda upprunalegu útliti þ.e.stuðara, grill ofl. brettin skulu hylja alla hjólbreiddina.

2. Burðarvirki skal vera óbreytt (burðarvirki frá og með demparaturnum) krumpusvæði fyrir framan dempara turna að framan og aftur fyrir turna að aftan er skylda að hafa orginal eða sambærilegt og ef óorginal þá skal nota plötuefni og skal hámarksþykkt á því vera 1.5mm þetta á líka við um vatnskassabita/framstykki.

3. Bifreiðin skal vera með veltibúri samkvæmt reglum RCA.

4. Stuðarabitar að framan eru bannaðir, allar styrkingar í stuðurum sem eru úr málm eða hörðu plasti eru bannaðar fyrir framan framstykki nema burðarvirki bifreiðar sé þannig hannað að það sé ein heild af burðarvirki bifreiðarinnar. Ef þörf er á styrkingu fyrir framan framstykki má einungis nota ál prófíl í stærðinni 60x30 með 3mm efnisþykkt. Allar aðrar þykktir eða gerðir af efni eru bannaðar. Prófíl efnið má skrúfa á eða í grindarbita



bifreiðarinnar og skal prófíllinn vera lárétt á milli þeirra, prófíllinn má ekki fara út fyrir hliðar á grindarbita bifreiðar (sjá skýringamynd mynd 13)

5. Hvalbaksbreitingar bannaðar.

6. Læsingarbúnaður á hurð skal vera upprunalegur, en þó má setja auka öryggislæsingu úr gúmmí á hurðina utanfrá

7. Ökumanns hurð skal vera með hurðaspjaldi eða annari klæðningu. Tryggt skal að hurðir á keppnisbílum opnast ekki meðan að bifreiðin er í akstri.

8. Upprunaleg húddlæsing skal fjarlægð og húddi skal lokað með þar til gerðum húddlæsingum af viðurkenndri gerð.

9. Mælaborð má ekki fjarlægja.

10. Stýrslás skal fjarlægður.

11. Upprunalegir stuðarar skylda í Standard flokki.

12. Á milli demparaströtta að framan og framstuðara má ekki setja neins konar aukastyrkingar.

13. Krómlista, hjólkoppa og annað skraut skal fjarlægja.

14. Hlífðarpanna er leyfileg, en hún má ekki standa út fyrir fram eða afturhluta bifreiðarinnar.

15. Aurhlífar eru skylda og skulu þeir hylja 5cm út fyrir felgu og byrja 4 cm frá jörðu(þegar bíll stendur eðlilega í öll hjól) og ná að 2/3 hlutum hæðar hjóls.

16. Framrúða skal vera í bifreiðinni úr lamineruðu öryggisglari eða óbrjótanlegu plasti og þá lágmark 5mm. Leyfilegt er að setja net fyrir framan framrúðu ef það hindrar ekki útsýni ökumanns. Æskilegt er að hafa aðrar rúður í bifreiðinni eða óbrjótanlegt plast í þeirra stað (lágmark 2mm.)

17. Bifreiðar í Standard flokki skulu vera lokaðir þ.e.með allar rúður/plast

18. Skylda er að hafa rúðupurkur og rúðupiss á bílnum.

19. Tvö bremsuljós skulu vera staðsett að afturhluta bifreiðar og vel sýnileg, lágmark 15w í lágmark 60cm hæð, öll önnur ljós bönnuð.

20. Baksýnispegill skal vera inni í bifreiðinni, æskilegt er að hafa spegla á hurðum.

21. Dráttarkrókar skulu vera framan og aftan á bifreiðinni en mega ekki ná út fyrir yfirbygginguna.

22. Eldveggur milli ökumannsrýmis og vélarrýmis og rými fyrir bensíntank og vatnskassa skal vera eldtraust og þétt.

23. Vatnsrör og kælikerfi skulu vera óbreytt.

24. Hjólabúnaðar og fjöðrun skal vera eins og orginal.

25. Hemlar eiga að vera eins og orginal, æskilegt er að hemlar og búnaður sé tekinn út af skoðunarstöðvum,(aðalskoðun/athugun).

26. Sé notaður annar en upprunalegur eldsneytisgeymir má hann ekki vera stærri en 25 lítra, hann skal vera tryggilega festur minnst 30 cm frá úthlið bílsins, útöndun skal ná út fyrir bifreiðina og niður fyrir tank, bensín má ekki leka út, stranglega er bannað að staðsetja eldsneytisgeymi í ökumannsrými, einstreymislöki skal vera á öndun bensíntanks.

27. Eldsneytislagnir inni í bíl skulu vera heilar og óskemmdar, þær skulu vera úr eir, stáli eða vírofnum slöngum, öll samskeyti á eldsneytislögnum stranglega bönnuð í ökumannsrými.

28. Tegund og stærð rafgeymis er frjáls. Hann skal tryggilega festur minnst 30 cm frá hlið/gafla bifreiðar og vel frá honum gengið þannig að hann leiði ekki út eða leki. Staðsetning er frjáls, rafgeymir í farþegarými skal vera þurrgeymir. Æskilegt er að rafgeymir sé ekki staðsettur í ökumannsrými.



29. Allar breytingar á vél eru bannaðar.
30. Breyting á staðsetning vélar er bönnuð, hámarksstærð vélar er 2000cc og 120 hestöfl.
31. Eldsneyti skal vera fánlegt á almennri bensínstöð
32. Útblástursrör skal vera aftur fyrir bifreiðina.
33. Loftinntak velar skal vera í vélarrými.
34. Eldsneytisinnngjöf skal útbúin, með þeim hætti að ef hún aftengist, færist gangur vélar sjálfkrafa í hægagang.
35. Straumrofi er skylda í hverri bifreið. Skal hann vera með snerli eða handfangi og greinilega merktur af/á (on/off). Straumrofa eða haldfang tengt straumrofa skal staðsetja fyrir framan framrúðu ökumannsmegin, straumrofi á að rjúfa allan straum og drepa á bifreiðinni.
36. Einungis orginal gírkassi er leyfilegur. Allar driflæsingar bannaðar
37. Eingöngu radial sumarhjólar eru leyfðir í Standard flokki, allir hjólar merktir M/S (Mud/Snow) bannaðir nema annað sé tekið fram af keppnisstjórn. Hámarks stærð er 185/XXRXX, naglar og keðjur bannaðar. Rallyhjólar bannaðir.
38. Óheimilt er að hafa varadekk í bifreiðinni.

Samþykkt

28. Unglingaflokkur spyrnugreina

Tilaga frá kvartmíluklúbbnum

Lagt er til að þessum flokki verði bætt við sem sér fylgiskjali við keppnisreglur, þannig meigi nota þennan flokk bæði í götuspyrnu og kvartmílu ef keppnishaldarar kjósa að bjóða upp á þennan flokk

Unglingaflokkur.

Flokkur fyrir unglunga frá 15 ára aldri

1. Ökutækið skal vera óbreytt
2. Hámarksstærð mótors er 1600cc og skal hann vera óbreyttur
3. Allir aflaukar bannaðir, nema þeir komi orginal frá framleiðanda.
4. Slikkar leyfðir
5. Virkur ljósabúnaður skylda.
6. Sé ökumaður undir 18 ára þarf hann undirskrifað leyfi frá forráðamanni og skal hann vera viðstaddur þegar ökutækið er í keyrslu

Keyrslufyrirkomulag:

Keyrt verður 1/8 úr mílu og keyrt verður eftir bracket fyrirkomulagi.

Uppröðun eftir tímatökur fer eftir besta viðbragðstíma.

Samþykkt

29. Nýliðarverðlaun spyrnugreina

Tilaga frá Keppnisráði í spyrnugreinum



Viðbót við keppnisreglur spyrnugreina

Keppni nýliða í Spyrnu.

1. Skilgreining

Nýliði er ökumaður sem er á sínu fyrsta ári að keppa í keppnum til Íslandsmeistara.

2. Keppnir

Keppnir sem gefa stig eru þær keppnir sem eru á keppnisdagatalinu og sem keppt er í til Íslandsmeistara.

Keppnir sem hafa aukið skor til Íslandsmeistara gefa sama aukna skor í keppni nýliða.

3. Stigagjöf

Gefin eru stig eftir keppnisflokkum í spyrnu . Stigagjöf hvers flokks er eins og fer með stigagjöf til Íslandsmeistara.

4. Aukastig

Aukastig eru gefin eftir fjölda keppenda í flokki. Þau eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

4 eða færri í flokki engin aukastig

5-7 í flokki aukastig 1 stig

8-11 í flokki aukastig 2 stig

12 eða fleiri í flokki aukastig 3 stig

5. Verðlaunaafhending

Verðlaun fyrir nýliða eru veitt einu sinni á ári, á lokahófi Akstursíþróttasambands Íslands

Vísað til stjórnar til umorðunar á ársþingi 2015 - 29, 30, 31 og 32 falla undir þessa samþykkt

30. Nýliðarverðlaun rallycross

Tillaga frá Keppnisráði í Rallycross

Viðbót við keppnisreglur Rallycross:

Keppni nýliða í Rallycross.

1. Skilgreining

Nýliði er ökumaður sem er á sínu fyrsta ári að keppa í keppnum til Íslandsmeistara.

2. Keppnir

Keppnir sem gefa stig eru þær keppnir sem eru á keppnisdagatalinu og sem keppt er í til Íslandsmeistara.

Keppnir sem hafa aukið skor til Íslandsmeistara gefa sama aukna skor í keppni nýliða.

3. Stigagjöf

Gefin eru stig eftir keppnisflokkum í rallycross . Stigagjöf hvers flokks er eins og fer með stigagjöf til Íslandsmeistara.

4. Aukastig

Aukastig eru gefin eftir fjölda keppenda í flokki. Þau eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

4 eða færri í flokki engin aukastig

5-7 í flokki aukastig 1 stig

8-11 í flokki aukastig 2 stig

12 eða fleiri í flokki aukastig 3 stig

5. Verðlaunaafhending

Verðlaun fyrir nýliða eru veitt einu sinni á ári, á lokahófi Akstursíþróttasambands Íslands

31. Nýliðarverðlaun GoKart



Tillaga frá Keppnisráði í Gokart

Viðbót við keppnisreglur Gocart:

Keppni nýliða í Gocart.

1. Skilgreining

Nýliði er ökumaður sem er á sínu fyrsta ári að keppa í keppnum til Íslandsmeistara.

2. Keppnir

Keppnir sem gefa stig eru þær keppnir sem eru á keppnisdagatalinu og sem keppt er í til Íslandsmeistara.

Keppnir sem hafa aukið skor til Íslandsmeistara gefa sama aukna skor í keppni nýliða.

3. Stigagjöf

Gefin eru stig eftir keppnisflokkum í gokart . Stigagjöf hvers flokks er eins og fer með stigagjöf til Íslandsmeistara.

4. Aukastig

Aukastig eru gefin eftir fjölda keppenda í flokki. Þau eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

4 eða færri í flokki engin aukastig

5-7 í flokki aukastig 1 stig

8-11 í flokki aukastig 2 stig

12 eða fleiri í flokki aukastig 3 stig

5. Verðlaunaafhending

Verðlaun fyrir nýliða eru veitt einu sinni á ári, á lokahófi Akstursíþróttasambands Íslands.

32. Nýliðarverðlaun Drift

Tillaga frá Keppnisráði í Drift

Viðbót við keppnisreglur Drift:

Keppni nýliða í Drift.

1. Skilgreining

Nýliði er ökumaður sem er á sínu fyrsta ári að keppa í keppnum til Íslandsmeistara.

2. Keppnir

Keppnir sem gefa stig eru þær keppnir sem eru á keppnisdagatalinu og sem keppt er í til Íslandsmeistara.

Keppnir sem hafa aukið skor til Íslandsmeistara gefa sama aukna skor í keppni nýliða.

3. Stigagjöf

Gefin eru stig eftir keppnisflokkum í drift . Stigagjöf hvers flokks er eins og fer með stigagjöf til Íslandsmeistara.

4. Aukastig

Aukastig eru gefin eftir fjölda keppenda í flokki. Þau eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

4 eða færri í flokki engin aukastig

5-7 í flokki aukastig 1 stig

8-11 í flokki aukastig 2 stig

12 eða fleiri í flokki aukastig 3 stig

5. Verðlaunaafhending

Verðlaun fyrir nýliða eru veitt einu sinni á ári, á lokahófi Akstursíþróttasambands Íslands.